

leig-ja *so. vb.-i – heyra*
[-ði]

– ég leigi íbúðina

‡/leiga

sakn-a *so. vb.-a – kalla*
[-aði]

– hún saknar mömmu sinnar

‡

flett-a *so. vb.-i – heyra*
[-i]

– hún flettir bókinni

‡

velt-a *so. vb.-i – heyra*
[-i]

– barnið veltir sér á magann

kjaft-ur *kk. – hestur*
[-s, -ar]

– kötturinn tók fuglinn í kjaftinn

‡ kjaptr/kjöptr/keyptr

lausn *kvk. – mynd*
[-ar, -ir]

– við verðum að finna lausn á vandamálinu

‡ • laus; losa, losna

ráðherra *kk.*
[-, -ar]

– málið verður að leggja fyrir ráðherra

‡ • ráða, ráð

var-a *so. vb.-a – kalla*
[-aði]

– hún var búin að vara þig við

‡ • varlega, varla; alvara, alvarlegur

lyf *hk. – hús J*
[-s, -]

– hún er á sterkum lyfjum

‡

lögfræðing-ur *kk. – hestur*
[-s, -ar]

– hún er lögfræðingur fyrirtækisins

‡ • lag, fræðingur, fræði

afleiðing *kvk. – spurning*
[-ar, -ar]

– þú verður að taka afleiðingunum

‡ • af, leiða, leið, hugleiða

hótel *hk. – hús*
[-s, -]

– við gistum á hóteli

‡

skuld *kvk. – mynd*
[-ar, -ir]

– skuldir ríkisins eru miklar

‡

mæli-r *kk. – hestur*
[-s, mælar]

– mælirinn sýnir tíu stiga frost
– nú er mælirinn fullur!

‡ • mæla (-di), afmæli

tilhugsun *kvk. – mynd Ö*
[-ar, tilhugsanir]

– ég fæ vatn í munninn við tilhugsunina um matinn

‡ • hugsa, hugsun, hugmynd, hugur, hugi; til

rönd *kvk. – tönn*
[randar, rendur]

– það eru rendur á náttfötunum

‡ rønd » brún